

BORGARRÁÐ 17. nóvember 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fyrirhugaða ferð borgarstjóra til Kaupmannahafnar og Parísar og ítrekun vegna fyrri fyrirspurna - MSS22110022

Í komandi viku fer borgarstjóri í fjögurra daga ferð til Kaupmannahafnar og Parísar ásamt aðstoðarmanni. Óskað er eftir upplýsingum um áætlaðan kostnað Reykjavíkurborgar vegna ferðarinnar. Jafnframt eru ítrekaðar fyrri fyrirspurnir um kostnað vegna ferða borgarstjóra til Barcelona, sem nú stendur yfir, og til Amsterdam í liðnum mánuði, ásamt fylgdarliði, sem enn hafa ekki fengist svör við.